



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 40 ára afmæli
Styrktarfélags vangefinna
26. september 1998**

Heiðruðu hátíðargestir

Þegar við fögnum hér í dag merkum tímamótum og heiðrum árangursríkan feril Styrktarfélags vangefinna þá leitar hugurinn til frumherjanna sem fyrir 40 árum stigu hin fyrstu skref, hófu göngu sem markað hefur djúp spor í sögu okkar Íslendinga og haft víðtæk áhrif á samfélag okkar og samvitund; já, á sjálfa samvisku þjóðarinnar.

Það er flókið nú á tímum að gera okkur grein fyrir því hvernig gerðar þjóðfélagið og reyndar heimsmyndin öll var á stofndögum Styrktarfélagsins, aðeins röskum áratug frá lokum heimsstríðsins þegar fátækt og frumstæðir atvinnuhættir voru svipmót hins daglega lífs; fordómar og vanþekking mótuðu hugarfarið og vísindin á engan hátt orðin nægilega háþrúð til að breyta lífsgetu þeirra sem skarðan hlut höfðu hlotið í vöggugjöf né heldur til að efla skilning á því hvað hægt væri að gera til að skapa bjartari vonir, betri skilyrði til daglegs lífs, ánægju og verkgetu.

Það var stórhuga og baráttuglöð sveit sem stofnaði Styrktarfélag vangefinna. Afrekin á þeim áratugum sem liðnir eru sýna svo sannarlega hve vel hefur verið að verki staðið: dagheimili, hæfingastöð og þjálfunarstofnun, vinnustofa og sambýli; og nú nýlega aðstoð við að eignast eigin íbúðir.

Þessi keðja stofnanna og heimila, starfsemi og samhjalpar er vissulega sterk og vitnisburður um einstakan árangur og fórnfúst starf. En kannski er mest um verð sú viðhorfsbreyting sem orðið hefur meðal þjóðarinnar, viðhorfsbreyting sem félagar og forystusveit Styrktarfélags vangefinna hafa átt svo ríkulegan þátt í að skapa. Nú er sýn Íslendinga og

þekking á lífsskilyrðum, getu og þroska vangefinna orðin svo breytt að nánast er hægt að tala um nýsköpun í viðhorfum og vilja.

Þið hafið sýnt þjóðinni hvað hægt er að gera, vakið hana til umhugsunar, veitt fordæmi sem önnur samtök hafa nýtt sem innblástur og sóknarkraft. Á þann hátt hafið þið lagt lið umbótum og framförum á fleiri sviðum en ykkar eigin vettvangi.

Þessa leiðsögn, þessa lífssýn og hvatningu ber ekki síður að þakka hér á hátíðarstundu. Starf ykkar og barátta hefur aukið nýjum þætti í sjálfsvitund og sjáfsþekkingu Íslendinga.

Samt bíða enn mörg verkefni til hagsbóta lífi og heilsu hinna vangefna, verkefni sem auka getu þeirra til að taka þátt í störfum og leik, daglegri önn og gleðistundum, verkefni sem skapa bros og blik í auga, veita nýja trú á eigin mátt og megin; skapa augnablik sem aldrei gleymast þeim sem verða vitni að sigurstundum í lífi þeirra sem berjast við erfiðleika sem yrðu okkur flestum um megn.

Í árdaga nýrrar aldar er mikilvægt að missa ekki sjónar á hugsjónum samhjalpar og velferðar, draumum um samfélag sem veitir öllum skilyrði til þroska og lífsgleði, markmiðum sem enn halda því gildi sem þau höfðu fyrir 40 árum síðan í hugum frumherjanna.

Í þeim efnum þarf Styrktarfélag vangefinna að vera þjóðinni áfram leiðarljós á umbrotartímum.

Ég færi ykkur þakkir íslenskrar þjóðar fyrir framlag ykkar og áhrif, fyrir kraftaverkin í þágu vangefinna og fyrir hina nýju lífssýn sem þið hafið veitt þjóðinni sjálfri.

Við Guðrún Katrín óskum ykkur allra heilla á þeirri vegferð sem framundan er og vonum að geta fagnað með ykkur fleiri áfangasigrum.

Gleðilega afmælishátíð.